



AÐALDÆLAHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1780
komudagur. 5.5.2003

Iðjugerði 1, 30. apríl 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Varðandi frumvörp til ábúðarlaga 651. mál. heildarlög, og jarðalag 652. mál, heilarlög.

Á fundi sveitarstjórnar Aðaldælahrepps 22. apríl s.l. var eftirfarandi bókað:

Frumvarp til ábúðalaga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til jarðalaga.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við 30.gr. frumvarpsins þar sem greinin gerir ráð fyrir verulegri skerðingu á forkaupsréttarákvæðum sveitarfélaga. Skyldur sveitarfélaga til að gæta heildarhagsmuna íbúanna eru þar með verulega skertar.

Einnig mótmælir sveitarstjórn hugmyndum í 9. grein þar sem jarðanefndir eru aflagðar og verkefni þeirra falin landbúnaðarnefndum sveitarfélaga.

F.h. Aðaldælahrepps

ODDVITI

Ólína Arnkelsdóttir, oddviti

Alþingi
Erindi nr. **P** 128/1752
komudagur 9.4.2003

Akraneskaupstaður

JPP/rþ
Skj. 000.2/AK16044



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 4. apríl 2003, var m.a. tekið fyrir bréf landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26.3.2003, þar sem óskað er umsagnar um hjál. frv. til ábúðarlaga, 651. mál, heildarlög, og jarðalaga, 652. mál, heildarlög.

Bæjarráð Akraness gerir ekki athugasemd við frumvörpin.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 4. apríl 2003.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón P. Pálsson'.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari



Nefndarsvið Alþingis
Frú Elín V. Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

þk/kj

Bessastaðahreppi, 22.04.2003.

Efni: **Bréf, dags. 26.03.2003, frá landbúnaðarnefnd Alþingis.**

Á fundi hreppsráðs Bessastaðahrepps 3. apríl 2003 var lagt fram erindi frá landbúnaðarnefnd Alþingis. Í erindinu er gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvörp til ábúðarlaga og jarðalaga.

Hreppsráð telur ekki ástæðu til að gefa umsögn um lagafrumvörpin.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Þórður Kristleifsson, skrifstofustjóri



BORGARBYGGÐ

Skrifstofa - Borgarbraut 11
310 Borgarnes - Kt.: 510694-2289
Sími: 437 1224 - Fax: 437 1024

Alþingi
Erindi nr. P 128/1775
komudagur 30.4.2003

Borgarnesi 25.04 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsagnir um frumvörp til ábúðarlaga og jarðalaga.

Með bréfi dagsettu 26.03 2003 fór Landbúnaðarnefnd Alþingis þess á leit við Borgarbyggð að sveitarfélagið veitti umsögn um frumvörp til ábúðarlaga, 651 mál og jarðalaga, 652 mál. Landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar hefur lesið frumvörpin yfir. Nefndin gerir engar athugasemdir við frumvarp til ábúðarlaga, en gerir hinsvegar eftirfarandi athugasemd við frumvarp til jarðalaga.


Frumvarp til jarðalaga, 652 mál

9.gr. Landbúnaðarnefndir sveitarfélaga.

Landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar þykir óeðlilegt að í lögum sé kveðið á um það hve margir fulltrúar skuli eiga sæti í landbúnaðarnefndum sveitarfélaga. Eðlilegra er að sveitarfélögum sé það í sjálfsvald sett hve margir fulltrúar eigi sæti í nefndum á þeirra vegum.

Virðingarfyllst
f.h. Borgarbyggðar

Páll S. Brynjarsson





Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Ráðgjafafjónusta í landbúnaði á Norðausturlandi

Búgarði Óseyri 2 • 603 Akureyri • Sími 460 4477 • Fax 460 4478 • Netfang: bugardur@bugardur.is
Garðarsbraut 5 • 640 Húsavík • Sími 460 4477 • Fax 464 0406

Alþingi

Erindi nr. P 128/1778

komudagur 2.5.2003

Akureyri 25. apríl 2003

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Búnaðarsambands Eyjafjarðar um fyrirbyggjandi frumvörp til nýrra jarða- og ábúðarlaga. Undirrituðum hefur verið falið að svara bréfinu og vil ég hér með koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Frumvarp til jarðalaga.

Heilt yfir er það álit okkar að hér sé um að ræða breytingar til bóta og til samræmis við breyttar áherslur í landnotkun. M.a. eru ýmis ákvæði í núgildandi lögum um ættaróðul og fleira því skylt sem virka hálfgerðir forngripir og var því nauðsynlegt að fella þau ákvæði út.

Tvennt viljum við nefna sem að okkar álit orkar tvímælis að hafa inni.

Annarsvegar eru það ákvæði í 14. og 35. gr. um að ríkissjóður og ríkisstofnanir þurfi ekki að leita eftir samþykki sveitarstjórna við ráðstöfun fasteignar og þá ekki heldur að bjóða sveitarstjórnnum forkaupsrétt að landi eða öðrum fasteignum. Þarna teljum við eðlilegt að sveitarstjórn hafi svipaðan íhlutunarrétt eins og þegar um einstaklinga er að ræða.

Í öðru lagi teljum við það of langt gengið að það þurfi samþykki landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, til þess að fá að selja t.d. 2.500 fermetra lóð út úr jörð. Í athugasemdum um 20. gr. frumvarpsins kemur skýrt fram, að ákvæðin um að ráðherra þurfi að samþykkja landskipti eru túlkuð svona þröngt. Þarna finnst okkur að undanskilja mætti sölu á smáspildum t.d. öllum sem væru 1 ha eða minni og láta þar nægja að viðkomandi sveitarstjórn fjalli um málið.

Að lokum má nefna, að við teljum ekki koma nægjanlega skýrt fram hver sé lögbýlisréttur en um niðurfellingu hans er fjallað í 27. gr.

Frumvarp til ábúðarlaga.

Hér teljum við eins og með jarðalögin að flest horfi til bóta og eru raunar sum ákvæði í núgildandi lögum mjög úrelt.

Hér er það einnig aðeins tvennt sem við höfum efasemdir um og viljum nefna sérstaklega.

Ákvæði í 21. gr. um að framlög og styrkir til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörðum skuli verða eign jarðareiganda teljum við hæpin. Í flestum tilfellum framkvæmir og kostar ábúandi framkvæmdir sem þessar og er þá eðlilegt að framlögin renni til hans m.a. í ljósi þess að oft er þarna um hvatningu til framkvæmda


að ræða t. d. eins og styrkur út á kornrækt. Taka mætti síðan tillit til þess við úttekt að þarna hefði fengist styrkur til lækkunar á kostnaði.

Þá teljum við, að ákvæðið um að aðeins skuli starfa tveir úttektarmenn fyrir allt landið, sé mjög hæpið. Þetta ákvæði kom reyndar inn við endurskoðun á lögnum árið 2000 og felldi úr gildi ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skyldu vera tveir úttektarmenn. Þarna teljum við að þyrfti að fara einhvern milliveg t.d. að tveir úttektarmenn væru í hverri sýslu eða jafnvel landsfjórðungi. Það hlýtur að verða mikill ferðakostnaður vegna úttekta þegar aðeins tveir menn eiga að sjá um allar úttektir á landinu og erfiðara að sinna starfinu þegar um svo miklar vegalengdir er að ræða.

Látum þetta nægja en gerum okkur vissulega grein fyrir því að hér var yfir mikið lesefni að fara og því hætta á að eitthvað, sem ástæða væri að gera athugasemdir við, hafi farið fram hjá manni.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar Búnaðarsambands Eyjafjarðar



Ólafur G. Vagnsson

Alþingi
Erindi nr. P 128/1798
komudagur 14.5.2003

Nefndasvið Alþingis

Umsagnir um mál 651 (frv. til ábúðarlaga) og mál 652 (frv. til jarðalaga) -
heildarlög

Hér með tilkynnist að sveitarstjórn Djúpavogshrepps kýs að gefa ekki
umsagnir um þingmál þau, er hér um ræðir.

Í stað þess er vísað til væntanlegrar umsagnar stjórnar Sambands ísl.
sveitarfélaga.

Sveitarstjórnin hefur kynnt sér drög að henni og tekur undir hana
efnislega, a.m.k. eins og hún lítur nú út.

Djúpavogi. 14. maí 2003;

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri.



EYJAFJARÐARSVEIT

Alþingi
Erindi nr. P 128/1783
komudagur 7.5.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

29. apríl 2003

150 REYKJAVÍK

Tilv.: Umsögn um frumvarp til jarðalaga og frumvarp til ábúðarlaga sbr. erindi dags. 26. mars 2003.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar óskaði með bréfi dags. 2. apríl 2003 eftir umsögn Búnaðarsambands Eyjafjarðar um fyrirbyggjandi frumvörp til jarðalaga og til ábúðarlaga. Umsögn/svar Búnaðarsambandsins liggur fyrir í bréfi dags. 15. apríl 2003.

Sveitarstjórn hefur á fundi sínum í dag, 29. apríl, tekið umsögnina til afgreiðslu og samþykkt að efnislega skuli hún gilda sem umsögn sveitarstjórnar um tilvitnuð frumvörp.

Umsögnin fylgir hér með í ljósriti.

Þetta tilkynnist hér með.

F. h. sveitarstjórnar

Bjarni Kristjánsson

Hjál.: Bréf Búnaðarsambands Eyjafjarðar,
dags. 15. apríl 2003.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Ráðgjafarþjónusta í landbúnaði á Norðausturlandi

Búgarði Óseyri 2 ■ 603 Akureyri ■ Sími 460 4477 ■ Fax 460 4478 ■ Netfang: bugardur@bugardur.is
Garðarsbraut 5 ■ 640 Húsavík ■ Sími 460 4477 ■ Fax 464 0406

227/3

Akureyri 15. apríl 2003

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar
c/o Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri
Syðra-Laugalandi
601 Akureyri

Með bréfi dags. 2. apríl 2003 óskaði sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar eftir umsögn Búnaðarsambands Eyjafjarðar um fyrirbyggjandi frumvörp til nýrra jarða- og ábúðarlaga.

Undirrituðum hefur verið falið að svara bréfinu og vil ég hér með koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Frumvarp til jarðalaga.

Heilt yfir tel ég að hér sé um að ræða breytingar til bóta og til samræmis við breyttar áherslur í landnotkun. M.a. tel ég að jarðanefndir, sem lagt er til að verði lagðar niður, hafi ekki það hlutverk í dag sem áður var og þetta því eðlileg breyting. Ýmis ákvæði í núgildandi lögum um ættaróðul og fleira því skylt virka sem hálfgerðir forngripir og var því nauðsynlegt að fella þau ákvæði út.

Tvennt vil ég nefna sem mér finnst orka tvímælis að hafa inni.

Annarsvegar eru það ákvæði í 14. og 35. gr. um að ríkissjóður og ríkisstofnanir þurfi ekki að leita eftir samþykki sveitarstjórna við ráðstöfun fasteignar og þá ekki heldur að bjóða sveitarstjórnnum forkaupsrétt að landi eða öðrum fasteignum. Þarna tel ég eðlilegt að sveitarstjórn hafi svipaðan íhlutunarrétt eins og þegar um einstaklinga er að ræða.

Í öðru lagi tel ég það of langt gengið að það þurfi samþykki landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, til þess að fá að selja t.d. 2.500 fermetra lóð út úr jörð. Í athugasemdum um 20. gr. frumvarpsins kemur skýrt fram, að ákvæðin um að ráðherra þurfi að samþykkja landskipti eru túlkuð svona þröngt. Þarna finnst mér að undanskilja mætti sölu á smáspildum t.d. öllum sem væru 1 ha eða minni og láta þar nægja að viðkomandi sveitarstjórn fjalli um málið.

Frumvarp til ábúðarlaga.

Hér tel ég eins og með jarðalögin að flest horfi til bóta og eru raunar sum ákvæði í núgildandi lögum mjög úrelt.

Hér er það einnig aðeins tvennt sem ég hef efasemdir um og vil nefna sérstaklega. Ákvæði í 21. gr. um að framlög og styrkir til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörðum skuli verða eign jarðareiganda tel ég hæpin. Í flestum tilfellum framkvæmir og kostar ábúandi framkvæmdir sem þessar og tel ég þá eðlilegt að framlögin renni til

hans. Taka mætti síðan tillit til þess við úttekt að þarna hefði fengist styrkur til lækkunar á kostnaði.

Þá tel ég, að ákvæðið um að aðeins skuli starfa tveir úttektarmenn fyrir allt landið, sé mjög hæpið. Þetta ákvæði kom reyndar inn við endurskoðun á lögnum árið 2000 og felldi úr gildi ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skyldu vera tveir úttektarmenn.

Þarna tel ég að þyrfti að fara einhvern milliveg t.d. að tveir úttektarmenn væru í hverri sýslu eða jafnvel landsfjórðungi. Það hlýtur að verða mikill ferðakostnaður vegna úttekta þegar aðeins tveir menn eiga að sjá um allar úttektir á landinu og erfiðara að sinna starfinu þegar um svo miklar vegalengdir er að ræða.

Læt þetta nægja en geri mér vissulega grein fyrir því að hér var yfir mikið lesefni að fara og því hætta á að eitthvað, sem ástæða væri að gera athugasemdir við, hafi farið fram hjá manni.

Virðingarfyllt


Ólafur G. Vagnsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1773
komudagur 28.4.2003

Kolbeinsstaðahreppur (3701)
Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp
311 Borgarnes
Sími/fax: 4356760
Netfang: olisf@mi.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

22/04/2003

Efni: Umsögn hreppsnefndar Kolbeinsstaðahrepps um frumvörp til ábúðarlaga, 651. mál, heildarlög, og jarðalaga, 652. mál, heildarlög.

Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps styður frumvörpin og gerir ekki athugasemdir við þau.

Virðingafyllst

~~Óddviti Kolbeinsstaðahrepps~~
Ólafur Sigvaldason
Ólafur Sigvaldason oddviti.



Landssamtök
sauðfjárbænda

Alþingi
Erindi nr. P 128/1779
komudagur 5.5.2003

Reykjavík 2. apríl 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn stjórnar Landssamtaka sauðfjárbænda um frumvörp til nýrra jarða- og ábúðarlaga.

Stjórn LS telur að sú heildarendurskoðun jarða- og ábúðarlaga sem nú er unnið að hafi verið tímabær og vel hafi tekist til að flestu leyti, en vill þó gera athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpanna sem hér segir:

Frumvarp til jarðalaga.

9. grein.

Þar eð landbúnaðarnefndir fámennra sveitarfélaga munu ekki virka jafn vel og jarðanefndir hafa gert, væri ástæða til að þessi grein heimilaði sveitarfélögum að hafa sameiginlega landbúnaðarnefnd fyrir stærra svæði en eitt sveitarfélag.

21. grein.

Í þessari grein frumvarpsins eru skertir um of möguleikar núgildandi laga um sameiningu jarða, svo sem réttur eiganda og ábúanda til að leysa til sín úrskiptan jarðarluta sem ekki er stundaður búskapur á. Sameining jarða og jarðarluta getur oft stuðlað mjög að bættri landnýtingu og hagræðingu með stækkun bóa. Með hliðsjón af því hve mörk sveitarfélaga taka miklum breytingum nú á tímum sameininga þeirra, þykir ástæðulaust að banna alfarið sameiningu samliggjandi jarða á mörkum sveitarfélaga.

30. grein.

Með tilliti til sjálfbærrar landnýtingar og þess markmiðs að treysta búsetu í sveitum, þykir forkaupsréttur sveitarfélaga þrengdur um of frá núgildandi lögum.

44. grein.

Óréttlátt misræmi er fólgið í þessari grein, sem kveður svo á að ríkið undanskilji ávallt við sölu jarða rétt til efnistöku og nýtingu vatns og jarðhita umfram heimilisþarfir, sem einstaklingum er óheimilt að undanskilja við sölu jarða. En ríkið hefur jafnan rétt til eignarnáms til að nýta slík hlunnindi. Dæmi um óhagræði af þessu ákvæði er varðandi byggingu heimarafstöðva bænda, sem í mörgum tilfellum verða hagkvæmari ef virkjað er stærra en nemur eigin notkun og umframorkan seld inn á dreifikerfi rafveitu.

Frumvarp til ábúðarlaga.

11. grein.

Vísað er til athugasemda hér að ofan við 44. gr. jarðalaga.

21. grein.

Lagt er til að greinin orðist svo:

“Framlög og styrkir sem greiddir eru af opinberum aðilum til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörð sem er í ábúð, skulu greiðast ábúanda, enda hafi hann staðið straum af kostnaði vegna þeirra. Slík framlög skulu fyrnast með sama hætti og þær framkvæmdir sem þau greiðast til og koma þannig til frádráttar þeim greiðslum sem jarðeigandi þarf að inna af hendi til ábúanda við ábúðarlok.”

43. grein.

Of skammur frestur þykir gefinn til aflýsingar byggingarbréfs.

Fh. Landssamtaka sauðfjárbænda.



Ózur Lárusson

Framkvæmdastjóri

Bændahöllinni v/Hagatorg

107 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 9. apríl 2003

Efni: Umsögn um frumvörp til ábúðarlaga og jarðalaga.

Lánasjóði landbúnaðarins hafa borist til umsagnar frumvörp ábúðarlag og jarðalaga.

Hvað varðar frumvarp til ábúðarlaga, gerir sjóðurinn fyrir sitt leyti engar athugasemdir við frumvarpið.

Hvað varðar frumvarp til jarðalaga, gerir sjóðurinn þá athugasemd við ákvæði I til bráðabirgða, að í því sé ekki tekið með fullnægjandi hætti á málefnum óðalsjarða. Sjóðurinn gerir þó ekki athugasemdir við texta frumvarpsins sem slíkan, en telur að ekki sé nægilega langt gengið í þá átt að leysa vanda ýmissa óðalsbænda. Ákvæðið kveður hvorki á um rétt eða möguleika óðalsbænda til að fá óðalsbönd felld niður strax, né veitir þeim rétt til að veðsetja jarðir sínar vegna kaupa á vélum, bústofni eða vegna ætliðaskipta.


Sjóðurinn leggur því til að að eftirfarandi efnislegum texta verði bætt í ákvæði til bráðabirgða I í frumvarpinu:

“Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu vegna byggingar eða kaupa á hverskonar mannvirkjum eða framleiðslutækjum sem rekstur viðkomandi bús þarfnast. Einnig er heimilt að veðsetja ættaróðal vegna lántöku við ætliðaskipti.

Ef óðalsbóndi hefur búið á og haft vörslur óðalsjarðar samfleytt í 20 ár, getur hann óskað eftir að jörðin verði leyst úr óðalsböndum án þess að fyrir liggja samþykki erfingja hans eða annarra sem rétt kunna að eiga til óðalsins skv. ákvæðum VII. kafla jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum”.

Að öðru leyti gerir Lánasjóðurinn ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Lánasjóðs landbúnaðarins,


Guðm. Stefánsson



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160

Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Elínar V. Þorsteinsdóttur, lögfr.
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1799
komudagur 13. 5. 2003

Reykjavík, 13. maí 2003
Tilvísun: LAN03010140/011
SN/--

Ráðuneytið framsendir hér með til landbúnaðarnefndar Alþingis meðfylgjandi umsögn Norður-Héraðs um frumvarp til ábúðarlaga sem lagt var fyrir Alþingi á síðasta löggjafarþingi, 128. löggjafarþingi 2002-2003, sbr. þskj. 1060, 651. mál en landbúnaðarnefnd Alþingis mun hafa óskað eftir umsögninni með bréfi dags. 21. mars 2003.

F.h.r.


Sigríður Norðmann
Sigríður Norðmann



Brúarási fimmtudagur, 8. maí 2003

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ ^{C11}
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík.

SN



03010140

Efni: Athugasemdir sveitarstjórnar Norður-Héraðs við frumvörp til nýrra ábúðarlaga og jarðalaga.

Með bréfi Landbúnaðarráðuneytisins var óskað umsagnar sveitarstjórnar Norður-Héraðs við frumvörp til nýrra ábúðar- og jarðalaga. Sveitarstjórn fól Aðalsteini Jónssyni, bónda í Klausturseli, Arnóri Benediktssyni bónda Hvanná II, Jónasi Þór Jóhannssyni sveitarstjóra og Bjarna G Björgvinssyni hdl. að fara yfir frumvörpin og gera athugasemdir við efni þeirra ef þurfa þætti. Í athugasemdum með báðum frumvörpunum kemur fram að þau voru á undirbúningstímanum send til ýmissa aðila til umsagnar, þ.á.m. Bændasamtaka Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o. fl. og kemur fram að tekið hefur verið tillit til ýmissa ábendinga umsagnaraðila við endanlega gerð frumvarpsins. Sveitarstjórn Norður-Héraðs telur mikla nauðsyn hafa borið til þess að setja ný ábúðar- og jarðalög, þar sem núgildandi lög frá árinu 1976 séu að svo mörgu leyti orðin úr takti við þá þróun sem orðið hefur í landbúnaði á Íslandi frá setningu þeirra. Í athugasemdum með frumvörpunum kemur fram að hluti þeirra breytinga sem helst snerta sveitarfélög, s.s. v. forkaupsréttar eru m.a. tilkomnar vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA og hefur við gerð frumvarpanna verið tekið tillit til þeirra krafna. Því er svo að ýmis löggjafaratriði er m.a. snerta sveitarfélög er ekki að öllu leyti undir forræði íslendinga. Tillit verður að taka til slíks í dag.

Sveitarstjórn kýs að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvörpin:

1. Frumvarp til nýrra jarðalaga:

9.gr.

Landbúnaðarnefndir

Í frumvarpinu er lagt til að jarðanefndir verði lagðar niður en í þeirra stað verði stofnaðar sérstakar landbúnaðarnefndir á vegum hvers sveitarfélags. Telur nefndin að skoða þurfi þessa breytingu nánar, einkum þar sem hinar nýju landbúnaðarnefndir muni ekki virka í mjög smáum sveitarfélögum. Telur nefndin þess vegna að það þurfi að vera fyrir hendi heimildarákvæði í greininni að landbúnaðarnefndir geti tekið yfir stærra svæði, ef sveitarfélögin koma sér saman um sameiginlega landbúnaðarnefnd fyrir fleiri sveitarfélög.

14. gr./ 30. gr.

Aðilaskipti að landi. Forkaupsréttur.

Nefndin er ekki sammála ákvæði 30. gr. eins og það kemur fyrir í frumvarpinu. Nefndin telur að sveitarfélög eigi að hafa rúmar heimildir til þess að neyta forkaupsréttar að jörðum m.a. vegna ákvæðis í nýjum búvörusamningi milli ríkis og bænda um sjálfbæra landnýtingu. Geti sveitarstjórnir engin áhrif haft á sölu jarða er hætta á því að sveitir geti orðið illa fallnar til landbúnaðar ef bújarðir færast í stórum stíl úr landbúnaðarnotum. Telur nefndin nauðsynlegt að fjallað verði ítarlegar um þessar greinar.

44. gr.

Sala ríkisjarða.

Nefndin telur að ríkinu sé og hafi verið gert óeðlilega hátt undir höfði með því að undanþiggja ævinlega réttindi til efnistöku, vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisnot við sölu jarðanna frá ríkinu, þannig að þessi hlunnindi verði áfram eign ríkisins eftir sölu. Einstaklingum er óheimilt að undanskilja þessi réttindi við sölu jarða sbr. ákvæði 11. gr. Kaupi ríkið jörð af einstaklingi fylgja öll réttindi, en ef ríkið selur sama aðila jörðina aftur heldur ríkið eftir þessum réttindum. Þarna er misræmi milli stöðu ríkisins og einstaklinganna. Benda má á að ríkið og stofnir þess hafa iðulega eignarnámsheimildir til þess að nýta sér slík hlunnindi. Með nýjum raforkulögum getur hver sá er framleiðir rafmagn selt það inn á veitukerfi. Bent er á að hagkvæmara getur verið fyrir ábúanda sem vill koma sér upp rafstöð að byggja hana stærri en til heimilisnota og nýta sölu rafmagns til þess að greiða niður virkjunarkostnaðinn. Með þessu ákvæði er þessi nýtingarréttur ábúandans skertur verulega án þess að séð verði hvaða sérstök rök mæla með þessu fyrirkomulagi. Nefndin telur að þessi forréttindi ríkisins eigi ekki rétt á sér í dag og telur að rökstyðja þurfi það sérstaklega hvers vegna ríkinu er heimilt að undanþiggja þessi réttindi sölu.

2. Frumvarp til nýrra ábúðarlaga.

11. gr.

Réttindi undanskilin leiguliðaafnotum.

Með nýjum raforkulögum getur hver sá er framleiðir rafmagn selt það inn á almenna veitukerfið. Samkvæmt þessari grein er ábúendum það ekki heimilt heldur jarðeiganda einum. Bent er á að hagkvæmara getur verið fyrir ábúanda sem vill koma sér upp rafstöð að byggja hana stærri en til heimilisnota og nýta sölu rafmagns til þess að greiða niður virkjunarkostnaðinn. Í þessari grein felst takmörkun á heimildum ábúanda sem rétt er að skoða nánar.

13. gr.

Breytingar eða lok landbúnaðarstarfsemi ábúanda.

Nefndin bendir á að neitun jarðeiganda við því að breytt sé um búskaparhætti geti jafngilt uppsögn ábúðar, þótt áfram skuli jörðin vera í landbúnaðarnotum. Í lagagreininni er krafist samþykkis fyrir breytingum á landbúnaðarstarfsemi. Í athugasemdum er talað um samþykki fyrir *verulegum* breytingum á starfsemi. Nefndin telur nauðsynlegt á kveða skýrar á um þetta atriði í endanlegri gerð laganna þannig að ekki fari á milli mála hvar mörkin liggja varðandi mat á breytingu á búskaparháttum.

14.gr.

Endurbætur ábúanda á mannvirkjum o. fl.

Bent er á það að vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt eru gerða ákveðnar kröfur um húsrými fyrir sauðfé. Slíkar kröfur geta breytt eldri viðmiðum varðandi fjárhús. Í athugasemdum við 14. gr. kemur fram að hér er um grundvallarbreytingu að ræða frá núgildandi ábúðarlögum varðandi heimildir ábúanda til þess að framkvæma endurbætur á eignum jarðeiganda. Nefndin bendir á að í lagagreininni er ræktun ekki nefnd sérstaklega en í athugasemdum með greininni er fjallað um ræktanir.

17.gr.

Viðhaldsskylda.

Nefndin bendir á að kveði þurfi á um hvar mörk liggja milli viðhalds annars vegar og endurbóta hins vegar.

34.gr.


Kaupskylda jarðareiganda á eignum og endurbótum ábúanda.

Nefndin bendir á grundvallarbreytingu frá ákvæðum núgildandi laga varðandi endurkaup framkvæmda á bújörðum en telur að rétt sé að úttektarmenn hafi einhver fastákveðin viðmið þegar þér meta endurkaupsverð framkvæmda.

Nefndin hefur kosið að gera ekki formlegar athugasemdir við fleiri greinar frumvarpanna, þótt í mörgum greinum þeirra felist grundvallarbreytingar frá fyrri lögum. Vísað er til þess að hinir ýmsu hagsmunaaðilar og heildarsamtök hafa áður gert athugasemdir sínar við frumvörpin. Væntir sveitarstjórn að fram muni fara nokkur opinber umræða um þessi frumvörp áður en þau verða að lögum frá alþingi og þá muni fleiri sjónarmið varðandi efni þeirra koma fram.

Virðingarfyllst.

f.h. sveitarstjórnar Norður – Héraðs



Jónas Þór Jóhannsson, sveitarstjóri

Reykjavík, 2. apríl 2003


Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 - Reykjavík

Óbyggðanefnd hefur borist erindi háttvirtrar landbúnaðarnefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn óbyggðanefndar um frumvörp til ábúðarlaga og jarðalaga.

Hlutverk óbyggðanefndar er skýrt afmarkað í 7. gr. laga nr. 58/1998, en þar kemur fram að óbyggðanefnd er ætlað það hlutverk að úrskurða um mörk eignarlanda og þjóðlendna og réttindi innan þjóðlendna.

Nefndin telur að ekki sé við hæfi að slík úrskurðarnefnd hafi afskipti af mótun lagareglna sem felast í ofangreindum lagafrumvörpum.


Óbyggðanefnd leyfir sér hinsvegar að vekja athygli landbúnaðarnefndar á 4. gr. laga nr. 58/1998 þar sem fjallað er um samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Virðist ofangreint erindi landbúnaðarnefndar fremur varða störf þeirrar nefndar, en formaður hennar er Kristján Andri Stefánsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.



Kristján Torfason

Afrit:

Hr. skrifstofustjóri,
Kristján Andri Stefánsson,
Forsætisráðuneytinu



Alþingi
Erindi nr. P 128/1821
komudagur 10.6.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Elíнар V. Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. maí 2003

Sam 130/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvörp til ábúðarlaga og jarðalaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. maí, var lagt fram bréf landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til ábúðarlaga, 651. mál og jarðalaga, 652. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsagnir um frumvörpin.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til ábúðarlaga
Umsögn um frumvarp til jarðalaga



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til ábúðarlaga, 651. mál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar í ljósi eftirfarandi athugasemda og með það að markmiði að sem flest ákvæði þess verði frávíkjanleg. Aðeins í undantekningartilvikum verði um að ræða ófrávíkjanleg lagaákvæði, sem þá helgast af ríkri þörf á að vernda hagsmuni ábúenda og/eða jarðeigenda.

Stjórnin telur þó að þær breytingar á ábúðarlögum sem frumvarpið felur í sér séu í meginatriðum eðlilegar, enda ýmsar lagaskyldur sveitarfélaga samkvæmt núgildandi lögum löngu orðnar merkingarlausar vegna breyttra samfélagshátta. Sveitarstjórnir hafa t.d. tæpast fylgt lagafyrirmælum um að ráðstafa óbyggðum jörðum með leigunámi, á sem hagkvæmastan hátt fyrir sveitarfélagið, hafi jarðeigandi ekki byggt þær hæfum umsækjanda.

Skýrleiki frumvarpstextans - frávíkjanleg/ófrávíkjanleg ákvæði

Lagt er til að sá hluti ákvæða frumvarpsins sem felur í sér ófrávíkjanlegar reglur verði skýrlega afmarkaður. Jafnframt verði leitast við að sem stærstur hluti ákvæða laganna verði frávíkjanlegur með samningi ábúanda og jarðareiganda í samræmi við þróun síðustu ára um vaxandi samningsfrelsi.

Frumvarpið kveður ekki skýrlega á um það hvaða ákvæði þess eru frávíkjanleg og hver ófrávíkjanleg í samningum ábúanda og jarðareiganda. Sem dæmi um óskýrleika frumvarpsins hvað þetta varðar má benda á að t.d. eru 4., 7., 8., 10., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. gr. ófrávíkjanlegar en 5., 6., 11., 18. og 19. frávíkjanlegar. Í samræmi við þróun löggjafar í átt til aukins samningsfrelsis er eðlilegt að frumvarpið kveði skýrlega á um hvaða ákvæði þess séu ófrávíkjanleg þótt settar séu ófrávíkjanlegar lágmarksreglur til að tryggja ákveðna neytendavernd.

Jafnframt er eðlilegt, miðað við framangreinda þróun, að fækka þeim ákvæðum sem eru ófrávíkjanleg. Einnig er lagatæknilega óþarft að hafa í lögunum sérstök heimildarákvæði um samninga um ákveðin atriði. Sem dæmi um það er 6. gr. sem virðist vera ófrávíkjanlegt ákvæði sem heimilar sérstaklega að semja megi um jarðarafgjald. Það er í engu samræmi við lög og þá lagatækni sem tíðkast á tímum frjálsra viðskipta að lög kveði sérstaklega á um heimild til að semja um endurgjald í viðskiptum, gjalddaga, greiðslustað og tryggingar fyrir greiðslu. Fleiri greinar laganna eru sama marki brenndar að bera þess vott að eiga rætur að rekja til gamalla lagafyrirmæla sem samræmast illa ríkjandi sjónarmiðum um þann tilgang sem lög eiga að þjóna við samskipti borgaranna, s.s. á sviði viðskipta.

Nánar um einstakar greinar frumvarpsins

Um 12. gr.

Lagt er til að 12. gr. verði felld niður.

Þrátt fyrir að markmið frumvarpsins sé að nútímavæða ábúðarlöggjöfina er ákvæðið ekki í samræmi við það markmið og mörg önnur ákvæði frumvarpsins. Samkvæmt lögum er lögheimili bundið við raunverulega búsetu í ákveðnu húsi. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að ábúendum sé skylt að búa á jörð til að njóta réttinda skv. ábúðarlögum og þar af leiðandi öðrum lögum tengdum þeim. Ákvæði 12. gr. virðist girða fyrir það að einstaklingur geti verið ábúandi á fleiri en tveimur jörðum, t.d. til að bæta rekstrarafkomu búskaparins, eða að einstaklingur búi annars staðar en á ábýlisjörð sem hann stundar búskap á. Þetta felur í sér skerðingu á atvinnufrelsi og frelsi til einkalífs, þ.e. rétti til að stunda þá atvinnu sem hver kys og að ráða búsetu sinni. Ákvæðið þýðir í raun að sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til þess hvort einstaklingum sé gert skylt að búa á ákveðnum stað og stangast það á við ákvæði lögheimilislaga. Slík ákvörðun getur ekki verið í höndum opinberra aðila en hins vegar getur eigandi jarðar leigt jörð með skilyrði um fasta búsetu á henni. Áhrif þessa ákvæðis geta hamlað hagræðingu og eðlilegri þróun í landbúnaði.

Um 16. gr.

Lagt er til að í stað 2. ml. komi: Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Núverandi 2. ml. 16. gr. er ekki í samræmi við gildandi löggjöf um dráttarvexti. Með gildistöku laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 var samningsfrelsi um ákvörðun dráttarvaxta lögfest. Ekki er því hægt að nota viðmiðið hæstu lögleyfðu dráttarvextir lengur en hins vegar skal Seðlabankinn auglýsa hvaða dráttarvextir skulu lagðir til grundvallar hafi ekki sérstaklega verið samið um hlutfall þeirra.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. maí 2003.



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til jarðalaga, 652. mál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir eftirfarandi athugasemdir og breytingartillögur við frumvarp til jarðalaga, 652. mál. 128. löggjafarþings, og leggst gegn samþykkt frumvarpsins verði athugasemdirnar ekki teknar til greina.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins

Um 8. gr., eignarnám

Lagst er gegn því ákvæði að heimild landbúnaðarráðherra til að heimila sveitarstjórn að taka jörð eignarnámi, til að bæta aðstöðu viðkomandi byggðarlags, sé háð því að Bændasamtök Íslands mæli með eignarnáminu. Með því ákvæði er tilgreindum hagsmunasamtökum falið óeðlilegt vald. Þess í stað er lagt til að Bændasamtök Íslands veiti umsögn um fyrirhugað eignarnám. Lagt er til að 8. gr. verði breytt til samræmis við það sjónarmið.

Óljóst er á hvaða grundvelli Bændasamtök Íslands eigi að mæla með eignarnámi sveitarfélags þar sem ólíklegt er að sérstök fagþekking sé þar fyrir hendi til að leggja mat á það skilyrði lagagreinarinnar að eignarnámið „*bæti aðstöðu viðkomandi byggðarlags*“.

Um 9. gr., sérstakar landbúnaðarnefndir í hverju sveitarfélagi

Lagt er til að 3. ml. 1. mgr. 9. gr. um kjörgengi nefndarmanna landbúnaðarnefndar falli niður enda óþarfur. Hið sama á við um 4. ml. málsgreinarinnar. Einnig er lagt til að 3. mgr. 9. gr. falli niður.

Þau ákvæði sem lagt er til að falli niður eru algjörlega óþörf enda felst í þeim endurtekning á þeim meginreglum sem sveitarstjórnarlög fela í sér. Lagatæknilega er einnig varhugavert að taka þessi ákvæði upp í jarðalög þar sem hugsanlegar breytingar á sveitarstjórnarlögum gætu falið í sér annað fyrirkomulag. Ákvæði 9. gr. eiga ekki að víkja frá þeim meginreglum sem gilda um stjórnkerfi sveitarfélaga og því er engin ástæða til þess að taka framangreind ákvæði upp í jarðalög.

Um 13. gr., félög um eignarhald og rekstur lands og annarra fasteigna

Nauðsynlegt er að breyta 13. gr. frumvarpsins til að tryggja eðlilega ákvarðanatöku um nýtingu og ráðstöfun jarða. Jafnframt er ljóst að ákvæði greinarinnar eru óframkvæmanleg nema afstaða sé tekin til þess hvernig velja skuli fyrirsvarsmann félags um eignarhald jarðeignar, hvernig staðið skuli að stofnun félags um jarðeign, hvort og hvernig háttað skuli ákvörðun um félagsform sem byggir á öðrum ákvörðunargrundvelli en sérstakri sameign, o.s.frv.

Lagt er til að við 13. gr. verði bætt sérstökum reglum um hvernig staðið skuli að ákvarðanatöku hjá eigendum jarða í sérstakri sameign.

Lagt er til að í greininni sé jafnframt fjallað um stofnun félags um eignarhald á jörð, stjórn slíks félags, löglega fundi og ákvarðanatöku þess.

Æskilegt væri að kveða á um þvingunarúrræði til að stuðla að því að félögum um eignarhald á jörðum verði komið á fót., t.d. dagsektum.

Einnig er lagt er til að skilgreindar verði ákvarðanir sem nægilegt er að einfaldur meirihluti eigenda jarðar taki, ákvarðanir sem aukinn meirihluti getur tekið og þær ákvarðanir sem skilyrðislaust er að allir eigendur taki. Þannig væri t.d. hægt að leggja til að ákvörðun um það hver skuli tilnefndur fyrisvarsmáður félags um eignarhald á jörð, í skilningi 13. gr. frumvarpsins, geti verið tekin af einföldum meirihluta eiganda.

Hér er um að ræða tillögur um mjög mikilvægt atriði um framtíðarþróun á eignarhaldi og ráðstöfun jarðeigna á Íslandi. Eignarhald margra jarða á Íslandi er í formi sérstakrar sameignar. Ástæður þess eru m.a. þær að eignarhald á jörðum hefur oft og tíðum færst til við erfðir og dæmi eru um að tugir einstaklinga eigi saman eina jörð.

Meginreglan um ákvarðanatöku vegna ráðstafana eigna í sérstakri sameign er að samþykki allra eigenda þarf við ákvörðunina, falli hún ekki undir venjubundna nýtingu eignarinnar. Slík skilyrði um ákvarðanir um ráðstöfun eignar eru þung í framkvæmd og hafa leitt til þess að nýting margra jarða er takmörkuð eða engin og niðurníðsla landgæða, húsakosts og umhverfis fylgir í kjölfarið.

Bent er á að samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að setja reglur um *réttindi og skyldur þeirra sem eiga land* og nýta það, stuðla að *skipulegri nýtingu lands* í samræmi við landkosti og fjölpætt hlutverk landbúnaðar og að tryggja svo sem kostur er að það land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu *verði varðveitt til slíkra nota*. Tillögur um að auðvelda töku ákvarðana um jarðeignir sem eru í sérstakri sameign eru í samræmi við öll þessi markmið. Þannig yrðu til skýr ákvæði um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýting lands væri skipulegri og almennari, þ.m.t. nýting til landbúnaðar. Framangreind markmið frumvarpsins og áhrif tillagna um auðveldari ákvarðanatöku um jarðeignir varða grundvallar hagsmuni sveitarfélaganna. Verði ákvæði nýrra jarðalaga í takt við þessar tillögur má ætla að hvers konar nýting jarða og jarðarhluta muni þegar aukast til hagsbóta fyrir atvinnulíf, íbúa landsins og sveitarfélög.

Um VI. kafla, forkaupsréttur

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um breytingar á forkaupsréttarákvæðum sveitarfélaga. Frumvarpið felur reyndar í sér að möguleikar sveitarfélaga til að neyta forkaupsréttar í tengslum við nýtingu jarða til landbúnaðar falla niður. Í stað þess aukast möguleikar sveitarfélaga til að neyta forkaupsréttar í þágu samfélagsins t.d. til að leggja jörð undir afrétt eða nýta hana til útvistarmála. Forkaupsréttur sveitarfélaga í þágu almannahagsmuna stuðlar að því að byggð í sveitarfélögum þróist með eðlilegum hætti í samræmi við vilja íbúanna.

Um 39. gr., sala til sveitarfélaga

Lagt er til að eftirfarandi málsliður bætist við 39. gr.

Sé fyrirhugað að selja ríkisjörð skal leita álits viðkomandi sveitarstjórnar á því hvort vilji sé til þess að sveitarfélagið kaupi jörðina eða hluta hennar.

Til að tryggja framgang ákvæðis 39. gr. er nauðsynlegt að lögbundið verði að kanna vilja sveitarstjórna til kaupa ríkisjarðir eða hluta þeirra áður en þær eru seldar.

Um 42. gr., auglýsingaskylda við sölu ríkisjarða

Lagt er til að um sölu ríkisjarða til almennings gildi almennar reglur frumvarpsins um forkaupsrétt sveitarfélaga lagt er til ákvæði þess efnis verði tekin upp í 42. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu á sveitarfélag ekki forkaupsrétt að ríkisjörðum þegar þær eru seldar, sem er óeðlilegt vegna þess að sömu rök geta átt við um nauðsyn þess að beita forkaupsréttarákvæði sveitarfélags við sölu ríkisjarða og jarða í einkaeigu.

Um 44. gr., réttindi undanskilin sölu

Lagt er til að greinin falli niður.

Lagst er gegn fortakslausu ákvæði um að ríkið haldi eftir öllum vatns- og jarðhitaréttindum við sölu ríkisjarða. Með þessu móti er verið gera óþarfa og óeðlilega undantekningu frá þeirri meginreglu eignarréttar að fasteignatengd réttindi fylgi viðkomandi fasteign. Einnig er bent á að ákvæðið gengur þvert á þróun löggjafar um orkumál um að færa þá starfsemi í auknum mæli í samkeppnisumhverfi.

Auk þessara athugasemda er ljóst að ákvæðið girðir alveg fyrir það að sveitarfélög geti keypt ríkisjarðir vegna jarðhita- og/eða vatnsréttinda sem jörðunum fylgja. Ákvæðið kemur því í veg fyrir að sveitarfélög kaupi ríkisjarðir í því skyni að tryggja íbúum sveitarfélagsins vatn og orku í samræmi þær skyldur sem á sveitarfélögum hvíla og þær kröfur sem íbúarnir gera til þeirra.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. maí 2003.



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

2003030086

9140

Umhverfisnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2003

/--

Efni: Umsögn um frumvarp til jarðalaga, 652. mál.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. mars 2003, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til jarðalaga, 652. mál, heildarlög. Eftirfarandi eru athugasemdir og breytingatillögur Skipulagsstofnunar við einstakar greinar:

2. gr. Skilgreiningar.

Hugtakið "skipulagt land" er í frumvarpinu skilgreint sem "land sem skipulag staðfest af skipulagsyfirvöldum gildir um í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997." Skipulagsstofnun bendir á að ekki hljóta allar skipulagsáætlanir staðfestingu. Þannig gæti deiliskipulagsáætlun verið auglýst af tilteknu svæði, á grundvelli meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga og samþykkt af sveitarstjórn, án þess að fyrir liggi staðfest svæðis- eða aðalskipulag. Stofnunin bendir á að fyrir 1. janúar 2008 skulu öll sveitarfélög hafa sett sér aðalskipulag sem nái til alls lands viðkomandi sveitarfélags. Þangað til eru víða einungis í gildi samþykktar deiliskipulagsáætlanir af afmörkuðum svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Skipulagsstofnun leggur til að skilgreiningin orðist svo: *Skipulagt land: Landsvæði þar sem í gildi er staðfest eða samþykkt skipulagsáætlun skv. skipulags- og byggingarlögum, eftir atvikum svæðis-, aðal- og/eða deiliskipulag.*

3. gr. Gildissvið.

Skipulagsstofnun telur að við 1. ml. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins skuli orðast svo: *Land sem hefur verið skipulagt fyrir aðra starfsemi en landbúnað með skipulagi staðfestu og/eða samþykktu af skipulagsyfirvöldum...* sbr. það sem segir um 2. gr. hér á undan varðandi samþykkt deiliskipulag á grundvelli 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga án þess að staðfest aðal- eða svæðisskipulagsáætlun liggi fyrir.

6. gr.

Í 2. mgr. 6. gr. frv. kemur fram að áður en landbúnaðarráðherra heimilar lausn úr landbúnaðarnotum skuli hann m.a. leita umsagnar Skipulagsstofnunar. Með hliðsjón af auknu forræði sveitarstjórna á skipulagsmálum skv. skipulags- og byggingarlögum nr.

73/1997 telur Skipulagsstofnun ekki lengur þörf á að stofnunin gefi umsögn um umsóknir um leyfi til lausnar lands úr landbúnaðarnotum. Stofnunin telur það hlutverk sveitarstjórnar að meta hvort slík umsókn samræmist stefnumörkun um landnotkun og leggur til að Skipulagsstofnun verði felld út úr 2. ml. 2. mgr. 6. gr. frv.

7. gr. Skipulag.

Í 1. mgr. 7. gr. frv. segir að óheimilt sé að gera staðfest skipulag á landi sem nýtt er eða nýtanlegt til landbúnaðar nema fyrir liggi leyfi landbúnaðarráðherra til að taka landið úr landbúnaðarnotum. Skipulagsstofnun bendir á að við skipulagsgerð kann að vera tekin ákvörðun um að land sem nýtt hefur verið til landbúnaðar skuli áfram vera landbúnaðarsvæði í skipulagi. Því þyrfti leyfi landbúnaðarráðherra ekki að liggja fyrir áður en skipulagsáætlun hlyti staðfestingu. Stofnunin ítrekar einnig að fram til 1. janúar 2008 er heimilt að vinna deiliskipulag á grundvelli meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. brb.ákv. skipulags- og byggingarlaga og því ekki í öllum tilvikum um staðfesta skipulagsáætlun að ræða. Stofnunin leggur til að 1. mgr. 7. gr. orðist svo: "*Þar sem í skipulagi er fyrirhugað að breyta landnotkun svæða sem nýtt hafa verið til landbúnaðar skal leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum liggja fyrir áður en viðkomandi skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu.*"

Skipulagsstofnun leggur til að í 2. mgr. 7. gr. verði orðin "*staðfest af skipulagsyfirvöldum*" felld út, sbr. það sem segir hér á undan um að ekki hljóti allar skipulagsáætlanir staðfestingu. 1. ml. 2. mgr. orðist svo: "*Ef við gildistöku laga þessara er í gildi formleg skipulagsáætlun skv. skipulags- og byggingarlögum, þ.s. gert er ráð fyrir annarri landnotkun en landbúnaði, gilda ákvæði 5. gr. ekki um nýtingu landsins.*"

8. gr. Eignarnám.


Í 1. mgr. 8. gr. frv. er að finna heimild fyrir landbúnaðarráðherra til að veita sveitarstjórn heimild til eignarnáms. Skipulagsstofnun bendir á að í 32. gr. skipulags- og byggingarlaga eru ákvæði þ.s. gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra geti veitt sveitarstjórn eignarnámsheimild á grundvelli gildandi skipulagsáætlunar og að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun telur eðlilegra að eignarnámsheimildir séu veittar á grundvelli formlegrar gildandi stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, sem fengið hefur þá kynningu og málsmeðferð sem gert er ráð fyrir í skipulags- og byggingarlögum en að það sé eingöngu gert á grundvelli umsagna Bændasamtaka Íslands og Skipulagsstofnunar. Stofnunin telur því að ákvæði 8. gr. frv. skuli felld út.

14. gr. Samþykki sveitarfélaga fyrir aðilaskiptum að landi o.fl.

Í 7. tl. 3. mgr. 14. gr. frv. er vísað til skipulags "*staðfest af skipulagsyfirvöldum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 eða eldri lögum um sama efni.*" Skipulagsstofnun ítrekar þ.s. að framan segir um að ekki eru allar skipulagsáætlanir staðfestar. Stofnunin leggur því til að orðin "*staðfest af skipulagsyfirvöldum*" falli út.

24. gr. Skipulag og nálægð annarra jarða.

Skipulagsstofnun bendir á að enn er nokkuð langt í land með að staðfestar aðalskipulagsáætlanir verði í gildi á öllu landi sveitarfélaga. Því verður stofnun nýs lögbýlis á næstu árum ekki í samræmi við staðfestar skipulagsáætlanir nema í minnihluta tilvika.



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1800
komudagur 19. 5. 2003

Landbúnaðarnefnd.

Sæl Elín Valdís.

Í framhaldi af samtali okkar um daginn þá vil ég koma eftirfarandi á framfæri.

Á fundi stjórnar Prestssetrasjóðs þann 28. apríl var eftirfarandi bókað varðandi umsögn ný ábúðarlög og/eða jarðalög.

1. "**Ábúðalög.** Rætt um nýtt frumvarp til breytinga á núgildandi lögum en borist hefur beiðni frá landbúnaðarnefnd Alþingis um umsögn vegna málsins. Stjórnarmenn voru sammála um að það vanti inn í frumvarpið ákvæði um prestssetursjarðir og var framkvæmdastjóra falið að koma því á framfæri."

Staðreynd málsins er sú að margir prestar sitja á jörðum sem fylgja embætti þeirra sem sóknarprests, sumir þeirra eru með minniháttar búskap aðrir ekki, svo ef til vill eru þetta ekki alltaf bújarðir, en engu að síður "jarðir" með langa og merka sögu.

Mér telst til, engu að síður, að um 21 jörð í umsjón Prestssetrasjóðs sé með s.k. "greiðslumarki sauðfjár". Allt frá 1,3 upp í 262,9 ærgildi.

Hugsanlega mætti einnig kalla þetta "embættisjarðir".

Einnig skilst mér að Guðmundur Þór, lögfræðingur okkar hér á Biskupsstofu, sé að skoða þessi frumvörp. Vinsamlegast vertu í sambandi við mig vegna málsins sé þess þörf.

Þessu er hér með komið á framfæri við þig, svo þér sé kunnugt um skoðun stjórnar sjóðsins í þessu máli.

kveðja
Höskuldur



SUÐURLANDSSKÓGAR

Alþingi
Erindi nr. P 128/1759
komudagur 15.4.2003

Selfossi 11.04.2003.

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Undirritaður vill þakka fyrir það tækifæri að fá að gefa umsögn um frumvarp til nýrra ábúðar- og jarðarlaga.


Það er tekið á ýmsum málum í þessum lagadrögum sem snertir m.a. skógrækt og er það vel, s.b. 21. grein um eignaraðild. Þarna hefði ég þó viljað sjá þessa grein meira útfærða, en eins og flestum er kunnugt þá greiðir ríkið í flestum tilfellum 97% af stofnkostnaði skógræktar, en öllu minna í skjólbeltarækt. Hvað verður með þennan mismun, sem ábúandi greiðir úr eigin vasa, en ekki landeigandi?

Það er ósk undirritaðs að sett verði inn viðbót við lagagreinina sem tekur á þessu og njörvar betur niður eignarskiptingu ef ekki er um að ræða að ríkið greiðir 100% kostnaðar við framkvæmdir.

Annað. Við lestur frumvarpanna vakti það athygli mína að ekki er samræmi í skilgreiningu orðsins “ábúandi”.

Að lokum óska ég þeim sem að lagasmíðinni komu til hamingju með góð frumvörp.

Virðingarfyllst.


Björn Bjarnald Jónsson
framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga

Alþingi
Erindi nr. P 128/1776 Svalbarðsstrandarhreppur
komudagur 30.4.2003 **Ráðhúsinu Svalbarðseyri**
601 Akureyri

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi

150 Reykjavík

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps gerir eftirfarandi umsögn um fyrirliggjandi frumvörp til nýrra jarðalaga, 652. mál og ábúðarlaga, 651. mál. og styðst þar við ábendingar Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Frumvarp til jarðalaga.

Heilt yfir telur sveitarstjórn að hér sé um að ræða breytingar til bóta og til samræmis við breyttar áherslur í landnotkun. M.a. telur sveitarstjórn að jarðanefndir, sem lagt er til að verði lagðar niður, hafi ekki það hlutverk í dag sem áður var og þetta því eðlileg breyting. Ýmis ákvæði í núgildandi lögum um ættaróðul og fleira því skylt virka sem hálfgerðir forngripir og var því nauðsynlegt að fella þau ákvæði út.

Tvennt vil sveitarstjórn nefna sem henni finnst orka tvímælis að hafa inni.

Annarsvegar eru það ákvæði í 14. og 35. gr. um að ríkissjóður og ríkisstofnanir þurfi ekki að leita eftir samþykki sveitarstjórna við ráðstöfun fasteignar og þá ekki heldur að bjóða sveitarstjórnnum forkaupsrétt að landi eða öðrum fasteignum. Þarna er eðlilegt að sveitarstjórn hafi svipaðan íhlutunarrétt eins og þegar um einstaklinga er að ræða.

Í öðru lagi telur sveitarstjórn það of langt gengið að það þurfi samþykki landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, til þess að fá að selja t.d. 2.500 fermetra lóð út úr jörð. Í athugasemdum um 20. gr. frumvarpsins kemur skýrt fram, að ákvæðin um að ráðherra þurfi að samþykkja landskipti eru túlkuð svona þröngt. Þarna er eðlilegt að undanskilja sölu á smáspildum t.d. öllum sem væru 1 ha eða minni og láta þar nægja að viðkomandi sveitarstjórn fjalli um málið.

Frumvarp til ábúðarlaga.

Hér telur sveitarstjórn eins og með jarðalögin að flest horfi til bóta og eru raunar sum ákvæði í núgildandi lögum löngu úrelt.

Hér er það einnig aðeins tvennt sem sveitarstjórn hefur efasemdir um og vil nefna sérstaklega.


Ákvæði í 21. gr. um að framlög og styrkir til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörðum skuli verða eign jarðareiganda telur sveitarstjórn hæpin. Í flestum tilfellum framkvæmir og kostar ábúandi framkvæmdir sem þessar og þá er eðlilegt að framlögin renni til hans. Taka mætti síðan tillit til þess við úttekt að þarna hefði fengist styrkur til lækkunar á kostnaði.

Þá telur sveitarstjórn, að ákvæðið um að aðeins skuli starfa tveir úttektarmenn fyrir allt landið, sé mjög hæpið. Þetta ákvæði kom reyndar inn við endurskoðun á lögnum árið 2000 og felldi úr gildi ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skyldu vera tveir úttektarmenn. Þarna telur sveitarstjórn að þyrfti að fara einhvern milliveg t.d. að tveir úttektarmenn væru í hverri sýslu eða jafnvel landsfjórðungi. Það hlýtur að verða mikill ferðakostnaður vegna úttekta þegar aðeins tveir menn eiga að sjá um allar úttektir á landinu og erfiðara að sinna starfinu þegar um svo miklar vegalengdir er að ræða.

Virðingarfyllst,

Svalbarðseyri, 22. apríl 2003

F.h. sveitarstjórnar
Svalbarðsstrandarhrepps


Árni K. Bjarnason, sveitarstjóri



Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Hornafirði, 6. maí 2003


Málefni: Umsögn um frumvörp til ábúðar- og jarðalaga

Á 7. fundi atvinnumálanefndar Hornafjarðar sem haldinn var 5. maí sl. var tekið fyrir erindi frá landbúnaðarnefnd Alþingis dags. 26. mars sl. þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til ábúðarlaga, 651. mál, heildarlög og frumvarp til jarðalaga 652. mál, heildarlög. Eftirfarandi var bókað um málið :

„Atvinnumálanefnd gerir ekki athugasemd við frumvörpin.“

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Inga Jóna Halldórsdóttir,
starfsmaður atvinnumálanefndar





SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. Þ 128/1756

komudagur 11.4.2003

Dagsetning

Tilvisun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

7. apríl 2003

Varðar: Beiðni, dags. 26. mars 2003, um umsögn sýslumannsins í Reykjavík um frumvörp til ábúðarlaga, 651. mál, heildarlög og jarðalaga, 652. mál, heildarlög.

Í gildandi ábúðarlögum, nr. 64/1976, eru fá ákvæði sem varða hlutverk sýslumanna. Aðallega er um að ræða skipun sýslumanns á úttektarmönnum sem starfa við hlið hreppstjóra við úttektir á jörðum eða aðrar mats- og skoðunargerðir, svo og skipun sýslumanns á yfirmatsmönnum til að starfa sér við hlið við yfirúttektir, ef einhver sem hlut á að máli, vill ekki hlíta úttekt úttektarmanna. Samkvæmt frumvarpinu skipar landbúnaðarráðherra tvo úttektarmenn fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Einnig skipar hann þrjá menn í yfirmatsnefnd til jafn langs tíma, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Eru þessar breytingar báðar sjálfsagðar og eðlilegar og munu áreiðanlega leiða til aukins samræmis við úttektar- og yfirmatsgerðir frá því sem verið hefur.

Undirritaður sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið, hvorki almennt né við einstakar greinar þess, umfram það sem að ofan segir, en sér þó ástæðu til að taka undir það sem segir í athugasemdum með því, að með breytingum á ákvæðum eldri laga sé stefnt að því að færa löggjöf um ábúð á jörðum í átt til nútímans og að samræma eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Á þessu er væntanlega full þörf.


Í núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, eru ekki mörg ákvæði sem varða starfssvið sýslumanna, sérstaklega. Helst eru það ákvæðin í VII. kaflanum um óðalsjarðir. Þar eru ákvæði sem leggja skyldur á herðar sýslumanna við stofnun, skráningu og aðilaskipti að ættaróðlum. Í frumvarpinu, bráðabirgðaákvæðinu, er gert ráð fyrir því að óheimilt sé að stofna ættaróðl eftir að frumvarpið verður að lögum og er ákvæðið því, eins og segir í athugasemdunum nokkurs konar sólarlagsákvæði fyrir VII. kafla núgildandi jarðalaga. Má taka undir það sem segir einnig í athugasemdunum, að ákvæði þessa kafla laganna séu úrelt og samrýmist ekki núgildandi viðhorfum til eignarréttar í þjóðfélaginu.

Undirritaður sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið, hvorki almennt né við einstakar greinar þess, umfram það sem segir hér að framan, en vill þó taka undir það, sem segir í athugasemdum með því, að með ákvæðum þess sé stefnt



að því að færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans og að samræma eins og unnt er eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Á því er að mati undirritaðs full þörf

Virðingarfyllst,


Rúnar Guðjónsson sýslumaður



Alþingi
Landbúnaðarnefnd
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Þórshöfn 8. júlí 2003

Efni : Frumvörp til ábúðar- og jarðarlaga.

Á fundi Landbúnaðarnefndar Þórshafnarhrepps 18. júní s.l. voru neðangreindar bókanir samþykktar samhljóða m.a.:

4. Mál. Jarðalög.

Nefndin gerir athugasemd við 5. kafla 30. gr. um forkaupsrétt sveitarfélaga um jarðir. Mælum með 13. gr. um félög um eignarhald lands.

5. Mál. Ábúðarlög.

Bókun vísað til bréfasafns. Bókun er svo hljóðandi: " Varðandi frumvarp til ábúðarlaga sem okkur var falið að yfirfara viljum við koma eftirfarandi á framfæri. Flestir þeir sem hefja búskap / landbúnaðarstarfsemi, munu hafa í huga að gera hann að ævistarfi. Eigi einstaklingur ekki ábúðarjörð sína þurfa ákvæði laga að vera skýr og tryggja stöðu og atvinnuhagsmuni hans jafnframt því sem hagsmunum eigenda og umhverfis er gætt, en í raun eiga þeir allir að fara saman. Nokkur undansláttur virðist okkur í frumvarpinu og að sumu leiti afturhvarf til fornra tíma hvað varðar öryggi leiguliða. Félagshyggja á undanhaldi. Jarðir munu í ríkari mæli hverfa úr ábúð og verða leikföng en ekki lífsviðurværi. Við minnum á, að ríkið er stærsti jarðeigandi í landinu og þarf ekki nauðsynlega að taka undir þann söng, hvað varðar mig um hina. " Við álitum að ábúðartími ríkisjarða sé eðlilegur og æskilegur eins og kveðið er á í nógildandi lögum þ.e. lífstíðarábúð. Við teljum rétt að viðmiðanir séu settar við jarðarafgjaldsstofn og þak á þau, enda óvíst að hámrörkun stundargróðans sé það heppilegasta fyrir eigendur, ábúendur og umhverfi. 21. gr. Við leggjum til að niður falli og verði eign jarðeiganda, í staðinn, og seljist ekki með henni, annars er tæplega gætt jafnræðis, 22. 23. og 24 gr. þrengja rétt leiguliða og nánast getur talist eðlilegt að leigja eign og geta síðan tekið undan stóran hluta eftir geðþótta. Vart getur eigandi hafið úrbætur á leigðri eign nema til komi vanefndir ábúanda eða það sé gert í fullu samráði við hann. Ýmislegt er fært til nútímans og betra horfs og 8. gr. um byggingarbréf finnast okkur til framfara 9. gr. síður. 10. gr. þar gilda greinilega ekki ákvæði " Rekabálks Jónsbókar " eða hvað? Tímabært. "

Ofan ritað var tekið fyrir á fundi hreppsnefndar Þórshafnarhrepps miðvikudaginn 2. júlí s.l. og var samþykkt samhljóða.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Sveitarstjórinn á Þórshöfn

Björn Ingimarsson
sveitarstjóri